

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þorlákshöfn



Dags eftirlits	15.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	383366,97	374634,363

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók og skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Olíuskiljan var síðast þjónustuð sumarið 2014.

Þrýstiprófanir lagna og botnþykktarmælingar á geymum eru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Mengunarvarnarpró er vaxin grasi og er því haldið snöggklipptu til að draga úr eldhættu vegna sinuelda.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 07.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.